



Aratunga 24. mars 2025

Varðar kostnað við raflögn að fjallaskálanum Fremstaveri

Upplýsingar fengnar hjá Víglundi Guðmundssyni hjá Rarik.

Án ábyrgðar er áætlað að kostnaður við lagningu rafmagns að Fremstaveri sé nálægt eftirfarandi:

Miðað er við að lögð verði 50 Ampera heimtaug

Heimtaugin kostar kr.462.758 -

Spennistöðvargjald kostar kr. 616.270 –

Yfirlengd á háspennu fyrstu 2000 metrar kr. 6.452.000-

Yfirlengd eftir 2000m reiknaði með 3500 metrar kr. 5.208.000- miðast við að aðstæður séu til að plægja strenginn niður alla leið, ekki er víst að það sé raunhæft. Ef til mikillar fleygunar kemur mun kostnaður aukast umtalsvert.

Samtals gróflega áætlað verð 12.739.028-

Áætlunin er gróf og án ábyrgðar eins og áður segir. Um er að ræða heimtaug sem þarf að leggja fyrir tengigjaldanefnd Rarik sem metur endanlegt verð og metur afhendingargetu Rarik á afhendingarstað.

Kostnaður við tengingar og búnað inni í húsinu er samkvæmt Hjalta Ragnarssyni rafvirkja líklega um 1.000.000 til 1.200.000 kr

Samtals getur kostnaður því numið nálægt 14.000.000 kr.

Vísað er til samning milli Bláskógabyggðar, Rarik og Neyðarlínunnar dags 31. Maí 2017. Undirrituðum er ekki fyllilega ljóst hvað í honum felst varðandi raflögn að Fremstaveri. En gert er ráð fyrir að Bláskógabyggð þurfi ekki samkvæmt samningnum að greiða heimtaugargjaldið/tengingu.

Virðingarfyllt

Kristófer Tómasson

sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar